

Íslenska

Námsáætlanir



Selásskóli

Látum þúsund blóm blómstra

Efnisyfirlit

Inngangur að námsáætlun..... 2

Talað mál og hlustun:

1. árgangur	3
2. árgangur	5
3. árgangur	7
4. árgangur	8
5. árgangur	9
6. árgangur	10
7. árgangur	11

Lestur og bókmenntir:

1. árgangur	13
2. árgangur	15
3. árgangur	17
4. árgangur	19
5. árgangur	21
6. árgangur	23
7. árgangur	25

Ritun:

1. árgangur	27
2. árgangur	28
3. árgangur	30
4. árgangur	32
5. árgangur	34
6. árgangur	36
7. árgangur	38

Málfræði:

1. árgangur	40
2. árgangur	41
3. árgangur	42
4. árgangur	43
5. árgangur	44
6. árgangur	45
7. árgangur	46

Yfirlit yfir fylgisíður..... 47

Námsáætlun

Íslenska

Inngangur

Ný aðalnámsskrá fyrir grunnskólann tók gildi 1. ágúst 2007. Í henni er kveðið á um að skólar hafi þriggja ára aðlögunartíma áður en hún kemur að fullu til framkvæmda. Selásskóli hóf endurskoðun á íslenskuhluta námsskrárinnar haustið 2007. Markmiðið var að búa til handbók fyrir kennara skólans og upplýsingarit fyrir foreldra.

Námsáætlunin skiptist í fjóra kafla sem skiptast í sjö undirkafla, einn fyrir hvern árgang. Í fyrsta kafla er fjallað um talað mál og hlustun. Þar er lögð áhersla á að nemendur geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og hlustað á aðra. Annar kafli er um lestur og bókmenntir. Á yngsta stigi er aðaláherslan á lestur en eftir því sem lestrargetan eykst er meiri áhersla á bókmenntir. Ljóð og bragarhættir eru kennd á öllum aldursstigum. Þriðji kafli kallast ritun en undir hann falla skrift, stafsetning og ritun. Fyrst er áhersla á að nemendur dragi rétt til stafs en með aukinni kunnáttu aukast kröfurnar og eftir því sem nemendur eldast er farið markvissar í stafssetningar- og ritunarreglur. Síðasti kafli fjallar um málfræði. Á yngsta stigi er kynning á málfræðihugtökum sem síðar er farið dýpra í.

Hver undirkafli er uppbyggður á eftirfarandi hátt:

Markmið: Hér eru tilgreind markmið og þær áherslur sem eru lagðar fyrir árganginn.

Námsáætlun: Námsfni sem sett er inn hér mætir þeim markmiðum sem lögð eru fyrir árganginn.

Annað námsefni: Hér er bent á ítarefni, bókalista og ýmislegt annað sem kennarinn getur notað við verkefnavinnu.

Námsmat: Hér er tilgreint hvernig námsmati er háttað.

Ekki er gert ráð fyrir að kennarar riti námsáætlun í íslensku á hverju hausti heldur vinni eftir þessari áætlun. Á hverju vori skila kennarar skýrslu undir heitinu *Lesið og kennt* á innra net skólans. Endurskoðun áætlunarinnar byggir á skýrslum kennara. Í skýrslunum á að koma fram hvernig gekk að vinna eftir áætluninni, hverju var breytt út frá henni, ábendingar um nýtt námsefni og áhugaverð verkefni. Auk tillagna um breytt markmið eða breyttar áherslur eða hvaðeina sem þeir telja nauðsynlegt að miðla áfram svo að áætlunin megi þróast eins og nauðsynlegt er.

Maí 2008

Bryndís Ósk Sigfúsdóttir umsjónarkennari

Kristín Þórðardóttir grunnskólakennari

Soffía Jóna Bjarnadóttir umsjónarkennari

Steinunn Jónsdóttir umsjónarkennari

Þórey Þorkelsdóttir deildarstjóri

September 2009

Endurskoðað af Steinunni Jónsdóttur

Talað mál og hlustun

1. árgangur

Markmið

Að nemendur

- hafi fengið þjálfun við hæfi í framburði íslenskra máhljóða.
- hafi lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum.
- geti sagt frá eftirminnilegum atburði.
- geti kynnt vinnu sína fyrir hópi.
- hafi tileinkað sér þær reglur sem gilda í samræðum.
- hafi tekið þátt í stuttum leikþætti og/eða söngatriði.
- geti fylgt fyrirmælum.
- hafi hlustað á upplestur, sögur, leikrit eða ljóð.
- hafi horft á leikþætti og söngatriði af sviði eða myndbandi.

Námsáætlun

Námsefni

Inntak námsefnis

Allar námsgreinar.

Talað mál og hlustun eru mjög samþætt við aðrar námsgreinar. Ýmis myndbönd og textar nemenda nýtast sem námsefni. Úrval geisladiska og bóka er að finna á skólasafni sem nýta má í nestissögur.

Salur.

Hefð er fyrir því í Selásskóla að nokkrir bekkir hittist á Sal og syngi saman. Árgangar æfa skemmtatriði eða kynna námsefni fyrir foreldrum og öðrum nemendum.

Annað námsefni

Námsefni

Inntak námsefnis

Íslenska í 1. og 2. bekk - Handbók kennara

Amheiður Borg, Halldóra Haraldsd.
Guðrún B. Ragnarsd. Kristín Gíslad.
Ragnheiður Gestsd. Rannveig S.
Stefánsd. Rósa Eggertsd. Sigríður H.
Bragad. Sigrún Löve og Þóra Kristinsd.

Handbók þar sem áhersla er lögð á að íslenskukennslan sé heildstæð. Hún skiptist í: Talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

Markviss málörvun I.

Helga Friðfinnsdóttir.

Bókin er handbók fyrir kennara og á að hjálpa til við málþjálfun barna sem undanfari skipulagðrar lestrarkennslu og samhliða kennslunni.

Leiklist í kennslu.

Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir.

Kennsluefnið samanstendur af handbók fyrir kennara og vefefni. Bókin fjallar um hugmyndafræði, forsendur, hlutverk og aðferðafræði kennarans. Í henni er að finna fjölbreyttar kennsluáðferðir. Vefefnið *Leiklist í kennslu, vefefni, yngsta stig* er hjálpartæki fyrir kennara til að nýta bókina á fjölbreyttari hátt. Sjá: http://www.nams.is/leiklist_a_vef/index.htm.

Ótrúleg eru ævintýrin....

Sigríður J. Þórisdóttir.

Kennsluefnið samanstendur af kennarabók, myndspjaldabók og kassa með verkefnum. Áhersla er á að nota móðurmálið í tengslum við skapandi vinnubrögð. Unnið er með ævintýri, þjóðsögur og barnavísur sem öll eru myndræn og innihaldsrík. Námsefnið tengir vel saman móðurmál, myndmennt, leikræna tjáningu og tónlist.

Sögurammar.

Sjá fylgisíðu 5 á innra neti skólans.

Námsmat

Leiðsögn í hlustun og framsögn.

Talað mál og hlustun

2. árgangur

Markmið

Að nemendur

- hafi fengið þjálfun í að bera fram öll íslensk máhljóð.
- hafi lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum.
- geti endursagt sögur eða ljóð sem þeir hafa heyrt, lesið eða samið sjálfir.
- geti sagt frá eftirminnilegum atburði.
- geti kynnt verkefni eða vinnu sína fyrir hópi.
- hafi tileinkað sér þær reglur sem gilda í samræðum.
- hafi tekið þátt í stuttum leikþætti og/eða söngatriði.
- geti fylgt fyrir mælum.
- hafi hlustað á upplestur, sögur, leikrit eða ljóð.
- hafi horft á leikþætti og söngatriði af sviði eða myndbandi.

Námsáætlun

Námsefni

Allar námsgreinar.

Inntak námsefnis

Talað mál og hlustun eru mjög samþætt við aðrar námsgreinar. Ýmis myndbönd og textar nemenda nýtast sem námsefni. Úrval geisladiska og bóka er að finna á skólasafni sem nýta má í nestissögur.

Salur.

Hefð er fyrir því í Selásskóla að nokkrir bekkir hittist á Sal og syngi saman. Árgangar æfa skemmtiatriði eða kynna námsefni fyrir foreldrum og öðrum nemendum.

Annað námsefni

Námsefni

Íslenska í 1. og 2. bekk -
Handbók kennara

Arnheiður Borg, Halldóra Haraldsd.
Guðrún B. Ragnarsd. Kristín Gíslad.
Ragnheiður Gestsd. Rannveig S.
Stefánsd. Rósa Eggertsd. Sigríður H.
Bragad. Sigrún Löve og Þóra Kristinsd.

Inntak námsefnis

Handbók þar sem áhersla er lögð á að íslenskukennslan sé heildstæð. Hún skiptist í: Talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

Markviss málörvun II.

Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og
Þorbjörg Þóroddsdóttir.

Bókin er handbók fyrir kennara og á að hjálpa til við málþjálfun barna. Aðaláhersla er á talað mál og hlustun.

Leiklist í kennslu.

Anna Jeppesen og Ása Helga
Ragnarsdóttir.

Kennsluefnið samanstendur af handbók fyrir kennara og vefefni. Bókin fjallar um hugmyndafræði, forsendur, hlutverk og aðferðafræði kennarans. Í henni er að finna fjölbreyttar kennsluáðferðir. Vefefnið *Leiklist í kennslu, vefefni, yngsta stig* er hjálpartæki fyrir kennara til að nýta bókina á fjölbreyttari hátt. Sjá: http://www.nams.is/leiklist_a_vef/index.htm

Ótrúleg eru ævintýrin....

Sigríður J. Þórisdóttir.

Kennsluefnið samanstendur af kennarabók, myndspjaldabók og kassa með verkefnum. Áhersla er á að nota móðurmálið í tengslum við skapandi vinnubrögð. Unnið er með ævintýri, þjóðsögur og barnavísur sem öll eru myndræn og innihaldsrík. Námsefnið tengir vel saman móðurmál, myndmennt, leikræna tjáningu og tónlist.

Sögurammar.

Sjá fylgisíðu 5 á innra neti skólans.

Námsmat

Leiðsögn í hlustun og framsögn.

Talað mál og hlustun

3. árgangur

Markmið og áherslur

Að nemendur

- o hafi fengið hvatningu til að flytja mál sitt skýrt og áheyrilega.
- o hafi lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum.
- o geti endursagt ýmis konar texta eða frásagnir.
- o geti sagt frá eftirminnilegum atburði.
- o geti kynnt verkefni eða vinnu sína fyrir hópi.
- o hafi tileinkað sér þær reglur sem gilda í samræðum.
- o séu færir um að tjá sig faðmi fyrir hópi og standa fyrir máli sínu.
- o hafi tekið þátt í stuttum leikþætti og/eða söngatriði.
- o geti fylgt fyrirætlunum.
- o hafi hlustað á upplestur, sögur, leikrit eða ljóð.
- o hafi horft á leikþætti og söngatriði af sviði eða myndbandi.

Námsáætlun

Námsefni

Inntak námsefnis

Allar námsgreinar.

Talað mál og hlustun eru mjög samþætt við aðrar námsgreinar. Ýmis myndbönd og textar nemenda nýtast sem námsefni. Úrval geisladiska og bóka er að finna á skólasafni sem nýta má í nestissögur.

Salur.

Hefð er fyrir því í Selásskóla að nokkrir bekkir hittist á Sal og syngi saman. Árgangar æfa skemmtatriði eða kynna námsefni fyrir foreldrum og öðrum nemendum.

Annað námsefni

Námsefni

Inntak námsefnis

Markviss málörvun II.

Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir.

Bókin er handbók fyrir kennara og á að hjálpa til við málþjálfun barna. Aðaláhersla er á talað mál og hlustun.

Leiklist í kennslu.

Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir.

Kennsluefnið samanstendur af handbók fyrir kennara og vefefni. Bókin fjallar um hugmyndafræði, forsendur, hlutverk og aðferðafræði kennarans. Í henni er að finna fjölbreyttar kennsluáferðir. Vefefnið *Leiklist í kennslu, vefefni, yngsta stig* er hjálpartæki fyrir kennara til að nýta bókina á fjölbreyttari hátt. Sjá: http://www.nams.is/leiklist_a_vef/index.htm

Sögurammar.

Sjá fylgisíðu 5 á innra neti skólans.

Námsmat

Leiðsögn í hlustun og framsögn.

Talað mál og hlustun

4. árgangur

Markmið og áherslur

Að nemendur

- hafi skýran og áheyrilegan framburð.
- hafi lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum.
- geti endursagt ýmiss konar texta eða frásagnir.
- séu færir um að tjá sig frammi fyrir hópi og standa fyrir máli sínu.
- geti sagt frá eftirminnilegum atburðum.
- hafi tileinkað sér þær reglur sem gilda í samræðum.
- geti fylgt fyrirmælum.
- hafi hlustað á upplestur, sögur, leikrit og ljóð.
- hafi horft á leikþætti og söngatriði á sviði eða af myndbandi.
- þekki fróðleik, svo sem þulur og þjóðsögur.
- taki þátt í stuttum leikþætti og/eða söngatriði.

Námsáætlun

Námsefni

Inntak námsefnis

Allar námsgreinar.

Talað mál og hlustun er mjög samþætt við aðrar námsgreinar. Ýmis myndbönd og textar nemenda nýtast sem námsefni. Úrval geisladiska og bóka er að finna á skólasafni sem nýta má í nestissögur.

Skinna.

Gísli Ásgeirsson og Þórður Helgason.

Lestrarbókin er ætluð fyrir móðurmálsnám 9 – 10 ára nemenda. Gert er ráð fyrir að hún sé notuð í tvö ár. Hún kennir m.a. grunnþætti hlustunar og munnlegrar frásagnar.

Salur.

Hefð er fyrir því í Selásskóla að nokkrir bekkir hittist á Sal og syngi saman. Árgangar æfa skemmtiatriði eða kynna námsefni fyrir foreldrum og öðrum nemendum.

Ljósahátíð.

Ljósahátíð þar sem árgangurinn tekur þátt í sýningu fyrir nemendur skólans og foreldra í desember.

Annað námsefni

Námsefni

Inntak námsefnis

Leiklist í kennslu.

Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir.

Kennsluefnið samanstendur af handbók fyrir kennara og vefefni. Bókin fjallar um hugmyndafræði, forsendur, hlutverk og aðferðafræði kennarans. Í henni er að finna fjölbreyttar kennsluáðferðir. Vefefnið *Leiklist í kennslu, vefefni, yngsta stig* er hjálpartæki fyrir kennara til nýta að bókin á fjölbreyttari hátt. Sjá: http://www.nams.is/leiklist_a_vef/index.htm

Sögurammar.

Sjá fylgisíðu 5 á innra neti skólans.

Námsmat

Leiðsögn í hlustun og framsögn.

Framsagnarpróf að vori fyrir þá sem voru með 8 í hraðlestrarprófi að vori í 3. bekk.

Talað mál og hlustun

5. árgangur

Markmið og áherslur

Að nemendur

- hafi skýran og áheyrilegan framburð.
- flytji laust og bundið mál upphátt með viðeigandi áherslum.
- geti endursagt það sem hann hefur lesið eða heyrt.
- geti sagt skipulega frá.
- geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær.
- séu færir um að taka virkan þátt í samræðum og rökræðum og fylgja viðeigandi reglum.
- geti fylgt fyrirmælum.
- geti notið bókmennta- og affreyningaefnis, upplestra, leiksýninga og söngs.
- geti flutt og sungið algeng íslensk ljóð.
- kunni að hlusta og taka eftir og geti nýtt sér upplýsingar í töluðu máli.
- nýti sér myndefni og margmiðlunarefni með gagnrýnum hætti til fróðleiks og skemmtunar.
- taki þátt í stuttum leikþætti og/eða söngatriði.
- taki þátt í leikrænni tjáningu og spuna.

Námsáætlun

Námsefni	Inntak námsefnis
Allar námsgreinar.	Talað mál og hlustun eru mjög samþætt við aðrar námsgreinar. Ýmis myndbönd og textar nemenda nýtast sem námsefni. Úrval geisladiska og bóka er að finna á skólasafni sem nýta má í nestissögur.
Skinna. Gísli Ásgeirsson og Þórður Helgason.	Lestrarbókin er ætluð fyrir móðurmálsnám 9 – 10 ára nemenda. Gert er ráð fyrir að hún sé notuð í tvö ár. Hún kennir m.a. grunnþætti hlustunar og munnlegrar frásagnar.
Salur.	Hefð er fyrir því í Selásskóla að nokkrir bekkir hittist á Sal og syngi saman. Bekkir æfa skemmtiatriði eða kynna námsefni fyrir foreldra og aðra nemendur.

Annað námsefni

Námsefni	Inntak námsefnis
Leiklist í kennslu. Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir.	Kennsluefnið samanstendur af handbók fyrir kennara og vefefni. Bókin fjallar um hugmyndafræði, forsendur, hlutverk og aðferðafræði kennarans. Í henni er að finna fjölbreyttar kennsluáðferðir. Vefefnið <i>Leiklist í kennslu, vefefni, miðstig</i> er hjálpartæki fyrir kennara til að nýta bókina á fjölbreyttari hátt. Sjá: http://www.nams.is/leiklist_a_vef/index.htm
Sögurammar.	Sjá fylgisiðu 5 á innra neti skólans.

Námsmat

Leiðsögn í hlustun og framsögn.

Framsagnarpróf að vori fyrir þá sem voru með 8 að vori í hraðlestraprófi í 4. bekk.

Talað mál og hlustun

6. árgangur

Markmið og áherslur

Að nemendur

- hafi skýran og áheyrligan framburð.
- flytji laust og bundið mál upphátt með viðeigandi áherslum og túlkun og haldi athygli áheyrenda.
- geti endursagt það sem þeir hafa lesið eða heyrt.
- geti sagt skipulega frá.
- geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær.
- séu færir um að taka virkan þátt í samræðum og rökræðum og fylgja viðeigandi reglum.
- geti fylgt fyrirmælum.
- geti notið bókmennta- og affreyningaefnis, upplestra, leiksýninga og söngs.
- geti flutt og sungið algeng íslensk ljóð.
- kunni að hlusta og taka eftir og geti nýtt sér upplýsingar í töluðu máli.
- nýti sér myndefni og margmiðlunarefni með gagnrýnum hætti til fróðleiks og skemmtunar.
- taki þátt í stuttum leikþætti og/eða söngatriði.
- taki þátt í leikrænni tjáningu og spuna.

Námsáætlun / kennsluáætlun

Námsefni

Inntak námsefnis

Allar námsgreinar.

Talað mál og hlustun er mjög sambætt við aðrar námsgreinar. Ýmis myndbönd og textar nemenda nýtast sem námsefni. Úrval geisladiska og bóka er að finna á skólasafni sem nýta má í nestissögur.

Skræða.

Gísli Ásgeirsson og Þórður Helgason.

Lestrarbókin er ætluð fyrir móðurmálsnám 11 ára nemenda. Hún kennir m.a. grunnþætti munnlegrar tjáningar.

Salur.

Hefð er fyrir því í Selásskóla að nokkrir bekkir hittist á Sal og syngi saman. Bekkir æfa skemmtiatriði eða kynna námsefni fyrir foreldra og aðra nemendur.

Annað námsefni / lesefni

Námsefni

Inntak námsefnis

Leiklist í kennslu.

Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir.

Kennsluefnið samanstendur af handbók fyrir kennara og vefefni. Bókin fjallar um hugmyndafræði, forsendur, hlutverk og aðferðafræði kennarans. Í henni er að finna fjölbreyttar kennsluáðferðir. Vefefnið *Leiklist í kennslu, vefefni, miðstig* er hjálpartæki fyrir kennara til nýta að bókina á fjölbreyttari hátt. Sjá: http://www.nams.is/leiklist_a_vef/index.htm

Sögurammar.

Sjá fylgisíðu 5 á innra neti skólans.

Námsmat

Leiðsögn í hlustun og framsögn.

Framsagnarpróf um áramót og að vori fyrir þá sem voru með 7 að vori í hraðlestrarprófi í 5. bekk.

Talað mál og hlustun

7. árgangur

Markmið og áherslur

Að nemendur

- tjái sig skýrt og áheyrilega.
- flytji laust og bundið mál upphátt með viðeigandi áherslum og túlkun og haldi athygli áheyrenda.
- geti endursagt það sem þeir hafa lesið eða heyrt.
- geti sagt skipulega frá.
- geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær.
- séu færir um að taka virkan þátt í samræðum og rökræðum og fylgja viðeigandi reglum.
- geti fylgt fyrirmælum.
- geti notið bókmennta- og affreyningaefnis, upplestra, leiksýninga og söngs.
- geti flutt og sungið algeng íslensk ljóð.
- kunni að hlusta og taka eftir og geti nýtt sér upplýsingar í töluðu máli.
- nýti sér myndefni og margmiðlunarefni með gagnrýnum hætti til fróðleiks og skemmtunar.
- taki þátt í stuttum leikþætti og/eða söngatriði.
- taki þátt í leikrænni tjáningu og spuna.

Námsáætlun

Námsefni	Inntak námsefnis
Allar námsgreinar.	Talað mál og hlustun eru mjög samþætt við aðrar námsgreinar. Ýmis myndbönd og textar nemenda nýtast sem námsefni. Úrval geisladiska og bóka er að finna á skólasafni sem nýta má í nestissögur.
Skrudda. Gísli Asgeirsson og Þórður Helgason.	Lestrarbókin er ætluð fyrir móðurmálsnám 12 ára nemenda. Hún kennir m.a. grunnþætti í ræðumennsku.
Salur.	Hefð er fyrir því í Selásskóla að nokkrir bekkir hittist á Sal og syngi saman. Bekkir æfa skemmtiatriði eða kynna námsefni fyrir foreldra og aðra nemendur.
Helgileikur.	Nemendur setja upp jólaguðspjallið og sýna á Sal.
Upplestrarkeppni.	Á degi íslenskrar tungu hefst Stóra-Upplestrarkeppnin. Nemendur keppa innbyrðis og við aðra skóla í framburði og framsögn.
Hátt og snjallt.	Myndband fyrir 7. bekk þar sem fjallað er um þau atriði sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar lesið er upp fyrir áheyrendur.

Annað námsefni / lesefni

Námsefni	Inntak námsefnis
Leiklist í kennslu. Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir.	Kennsluefnið samanstendur af handbók fyrir kennara og vefefni. Bókin fjallar um hugmyndafræði, forsendur, hlutverk og aðferðafræði kennarans. Í henni er að finna fjölbreyttar kennsluaðferðir. Vefefnið <i>Leiklist í kennslu, vefefni, miðstig</i> er hjálpartæki fyrir kennara til nýta að bókina á fjölbreyttari hátt. Sjá: http://www.nams.is/leiklist_a_vef/index.htm

Sögurammar.

Sjá fylgisiðu 5 á innra neti skólans.

Námsmat

Leiðsögn í hlustun og framsögn.

Framsagnarpróf um áramót og að vori fyrir þá sem voru með 7 að vori í hraðlestrarprófi í 6. bekk.

Lestur og bókmenntir

1. árgangur

Markmið

Að nemendur

- þekki alla stafi og hljóð þeirra.
- geti lesið létt orð og texta.
- geti lesið bækur við hæfi.
- hafi kynnst fjölbreyttu vali bóka.
- hafi aukið orðaforða, málskilning og lesskilning með vinnu við fjölbreytt verkefni.
- kunni einfaldar vísur og ljóð.
- þekki rím og hrynjanda, bókstafi, orð og setningar.
- hafi kynnst þekktum íslenskum þjóðsögum.
- kynnist að minnsta kosti einum íslenskum höfundi.
- geti notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir.

Námsáætlun

Námsefni	Inntak námsefnis
Það er leikur að læra. Ragnheiður Gestsdóttir og Ragnheiður Hermannsdóttir.	Námsefnið samanstendur af kennarabók, myndspjaldabók, lestrarbók og tveimur vinnubókum. Leitast er við að hafa lesmálið innihaldsríkt og að nemendur finni tilgang með lestrarnáminu. Lestextar eru tvennskónar, annars vegar auðveldir og hins vegar þyngri fyrir þá sem eru byrjaðir að lesa. Í vinnubókunum er leitast við að festa útlit og hljóð bókstafanna í minni barnanna.
Heimalestrarbækur.	Listi með lestrarbókum flokkuðum eftir þyngd. Sjá fylgisiðu 1 á innra neti skólans.
Höfundakynning.	Listi yfir höfunda, íslenska og erlenda, sem hentar árgangi. Sjá fylgisiðu 2 á innra neti skólans.

Annað námsefni/lesefni

Námsefni	Inntak námsefnis
Við lesum A. Björgvin Jósteynsson, Helga Magnúsdóttir, Þóra Kristinsdóttir.	Í þessari bók eru allir bókstafirnir teknir fyrir, stórir og litlir, og leiðbeint um kennslu þeirra. Henni fylgir vinnubók. Á hverri síðu eru einfaldar markmiðs- og vinnulýsingar og þar er þess einnig getið hvenær hentar að leysa verkefni hverrar blaðsíðu lesbókarinnar.
Leikur að orðum 1. Rannveig Löve og Þóra Kristinsdóttir.	Bækurnar eru hugsaðar sem upprifjunar- og vinnubækur í lestri. Sjá: http://www.nams.is/leikur_ad_ordum/index.htm .
Sitt af hverju 1 – 2. Árni Árnason.	Lesskilningsverkefni sem er raðað eftir þyngd. Mörg verkefni á að leysa myndrænt eða skrifa stuttan texta við.
Ljóð handa börnum. Anna Þrúður Grímsdóttir.	Í þessari bók eru ljóð, barnagælar og stökur eftir fjölmarga höfunda. Hægt er að fjalla um ljóðin á ýmsan hátt. Þau eru myndræn og þeim fylgja margskonar verkefni sem tengjast höfundum, málnotkun, orðtökum, málsháttum, þjóðháttum, líkingum og persónugervingum.

Ljóðagerð með börnum.

Hafsteinn Karlsson.

Handbók fyrir kennara. Nokkrir bragarhættir kynntir og aðferðir við að kenna börnum að yrkja ljóð.

Ég get lesið

Kristín Arnardóttir

Fjallað er um undirstöðuþætti lestrarnáms. Í henni eru æfingar og leikir sem henta byrjendum í lestri. Bókinni fylgir stafabangar, bangsabíll og dreki.

Íslenska í 1. og 2. bekk - Handbók kennara

Amheiður Borg, Halldóra Haraldsd.
Guðrún B. Ragnarsd. Kristín Gíslad.
Ragnheiður Gestsd. Rannveig S.
Stefánsd. Rósa Eggertsd. Sigríður H.
Bragad. Sigrún Löve og Þóra Kristinsd.

Handbók þar sem áhersla er lögð á að íslenskukennslan sé heildstæð. Hún skiptist í: Talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

Fluglæsi.

Ritstjóri Rósa Eggertsdóttir.

Kennarahandbók þar sem meðal annars er fjallað um viðmið í lestri, lestraraðferðir og leiðir í lestrarkennslu.

Lestrarsprettir.

Hugmyndir að lestrarsprettum sem henta árgangi.
Sjá fylgisíðu 3 á innra neti skólans.

Vefsíður og kennsluforrit.

Vefsíður og kennsluforrit sem styðja ýmsa þætti í íslenskukennslu.
Sjá fylgisíðu 4 á innra neti skólans.

Sögurammar.

Sjá fylgisíðu 5 á innra neti skólans.

Námsmat

Námsmat að vori miðast við getu hvers og eins. Stutt hraðlestrarpróf fyrir lengra komna. Stafa- og hljóðabekking könnuð hjá þeim sem komnir eru styttra á veg í lestrarferlinu.

Lestur og bókmenntir

2. árgangur

Markmið

Að nemendur

- geti lesið léttan texta.
- geti valið sér bækur eftir áhugasviði.
- hafi aukið orðaforða, málskilning og lesskilning með vinnu við fjölbreytt verkefni.
- kunni nokkrar vísur og ljóð.
- hafi kynnst þekktum íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og frásögum.
- þekki hugtökin sögupersóna og rím.
- kynnist að minnsta kosti einum íslenskum og/eða erlendum höfundi.
- geti notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir.

Námsáætlun

Námsefni

Lýsing á námsefni

Við lesum B.

Björgvin Jósteynsson, Helga Magnúsdóttir, Þóra Kristinsdóttir.

Bókin byrjar á léttum upprifjunartextum. Síðan taka við textar sem eru byggðir upp af sérhljóðum og nokkrum samhljóðum. Henni fylgir vinnubók sem á að æfa hljóðlestur og hún á að vera fyrsti vísir að sjálfstæðri þjálfun í stafsetningu.

Lesum saman.

Iðunn Steinsdóttir.

Lestrabókin er ætluð nemendum sem hafa náð valdi á grundvallaratriðum lestars. Í bókinni eru léttir lestextar skrifaðir á eðlilegu máli. Léttustu hlutar bókarinnar eru aðgreindir frá hinum þyngri með leturstærð. Bókin hentar vel til samlestrar. Vinnubók fylgir lestrarbókinni og í henni eru fjölbreytt verkefni sem leggja áherslu á skapandi vinnu og getu hvers og eins.

Höfundakynning.

Listi yfir höfunda, íslenska og erlenda, sem hentar árgangi. Sjá fylgisíðu 2 á innra neti skólans.

Heimalestrarbækur.

Listi með lestrarbókum flokkuðum eftir þyngd. Sjá fylgisíðu 1 á innra neti skólans.

Ljóðsprotar.

Kolbrún Sigurðardóttir, Sverrir Guðjónsson og Þórdís Mósésdóttir völdu.

Ljóðasafn sem ætlað er 1. - 4. bekk. Allt eru þetta ljóð eftir íslenska höfunda. Ljóðum er raðað eftir viðfangsefnum.

Annað námsefni/lesefni

Námsefni

Inntak námsefnis

Íslenska í 1. og 2. bekk - Handbók kennara

Amhreiður Borg, Halldóra Haraldsd. Guðrún B. Ragnarsd. Kristín Gíslad. Ragnhreiður Gestsd. Rannveig S. Stefánsd. Rósa Eggertsd. Sigríður H. Bragad. Sigrún Löve og Þóra Kristinsd.

Handbók þar sem áhersla er lögð á að íslenskukennslan sé heildstæð. Hún skiptist í: Talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

Fluglæsi.

Ritstjóri Rósa Eggertsdóttir.

Kennarahandbók þar sem meðal annars er fjallað um viðmið í lestri, lestraraðferðir og leiðir í lestrarkennslu.

Leikur að orðum 1 – 3.

Rannveig Löve og
Þóra Kristinsdóttir.

Bækurnar eru hugsaðar sem upprifjunar- og vinnubækur í lestri.

Sjá: http://www.nams.is/leikur_ad_ordum/index.htm.

Sitt af hverju 1 – 2.

Árni Árnason.

Lesskilningsverkefni sem er raðað eftir þyngd. Mörg verkefni á að leysa myndrænt eða skrifa stuttan texta við.

Ljóð handa börnum.

Anna Þrúður Grímsdóttir.

Í þessari bók eru ljóð, barnagætur og stökur eftir fjölmarga höfundu. Hægt er að fjalla um ljóðin á ýmsan hátt. Þau eru myndræn og þeim fylgja margskonar verkefni sem tengjast höfundum, málnotkun, orðtökum, málsháttum, þjóðháttum, líkingum og persónugervingum.

Ljóðagerð með börnum.

Hafsteinn Karlsson.

Handbók fyrir kennara. Nokkrir bragarhættir kynntir og aðferðir við að kenna börnum að yrkja ljóð.

**Skáldatal með ljóðsprotum,
ljóðsporur og
ljóðspeglum.**

Samantekt: Sigurborg Hilmarsdóttir.

Stuðningsrit með ljóðasafni Námsgagnastofnunar. Hentar vel sem uppflettirit fyrir nemendur og kennara sem vilja lesa eða fjalla um fleiri ljóð einstakra höfundu.

Lestrarsprettir.

Hugmyndir að lestrarsprettum sem henta árgangi.

Sjá fylgisiðu 3 á innra neti skólans.

Vefsíður og kennsluforrit.

Vefsíður og kennsluforrit sem styðja ýmsa þætti í íslenskukennslu.

Sjá fylgisiðu 4 á innra neti skólans.

Sögurammar.

Sjá fylgisiðu 5 á innra neti skólans.

Námsmat

Hraðlestrarpróf að hausti, um áramót og að vori.

Lesskilningspróf að vori.

Jákvætt og hvetjandi einstaklingsmat á framförum í frágangi texta og mynda í vinnubók.

Lestur og bókmenntir

3. árgangur

Markmið og áherslur

Að nemendur

- geti lesið sér að gagni.
- geti valið sér bækur eftir áhugasviði og lesið sögur og ljóð sér til ánægju.
- kunni að afla sér upplýsinga af bókum.
- hafi aukið orðaforða, málskilning og lesskilning með vinnu við fjölbreytt verkefni.
- kunni nokkrar vísur og ljóð.
- hafi kynnst sögum, þjóðsögum, ævintýrum, dæmisögum og skopsögum.
- þekki hugtökin söguþráður og sögulok.
- þekki ljóðformið tvílína.
- kynnist að minnsta kosti einum íslenskum og/eða erlendum höfundi.
- geti notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir.
- geti lesið úr myndrænu efni, svo sem kvikmyndum fyrir börn, einföldum skýringamyndum og kortum.

Námsáætlun

Námsefni	Inntak námsefnis
Lesum meira saman. Iðunn Steinsdóttir tók saman.	Lestrarbókin er ætluð nemendum sem hafa náð valdi á grundvallaratriðum lesturs. Í bókinni eru léttir lestextar skrifaðir á eðlilegu máli. Bókin hentar vel til samlestrar. Vinnubók fylgir lestrarbókinni og í henni eru fjölbreytt verkefni sem leggja áherslu á skapandi vinnu og getu hvers og eins.
Heimalestrarbækur.	Listi með lestrarbókum flokkuðum eftir þyngd. Sjá fylgisiðu 1 á innra neti skólans.
Höfundakynning.	Listi yfir höfunda, íslenska og erlenda, sem hentar árgangi. Sjá fylgisiðu 2 á innra neti skólans.
Dagblöð í skólum.	Nemendur þjálfast í lesskilningi með lestri dagblaða.
Ljóðsprotar. Kolbrún Sigurðardóttir, Sverrir Guðjónsson og Þórdís Mósésdóttir völdu.	Ljóðasafn sem ætlað er 1. - 4. bekk. Allt eru þetta ljóð eftir íslenska höfunda. Ljóðum er raðað eftir viðfangsefnum.
Ljóðagerð með börnum. Hafsteinn Karlsson.	Handbók fyrir kennara. Nokkrir bragarhættir kynntir og aðferðir við að kenna börnum að yrkja ljóð.

Annað námsefni/lesefni

Námsefni	Inntak námsefnis
Fluglæsi. Ritsjóri Rósa Eggertsdóttir.	Kennarahandbók þar sem meðal annars er fjallað um viðmið í lestri, lestraraðferðir og leiðir í lestrarkennslu.
Lesið til skilnings. Anna Guðmundsdóttir.	Efnið skiptist í tvær bækur; <i>Æfingartextar</i> og <i>Kennarahandbók</i> .

Þetta eru handbækur sem nýtast kennara til að efla lesskilning nemenda með gagnvirkum lestri.

Sjá: http://www.nams.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_klb.pdf og http://www.nams.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_aef.textar.pdf.

Sitt af hverju 1 – 2.
Árni Árnason.

Lesskilningsverkefni sem er raðað eftir þyngd. Mörg verkefni á að leysa myndrænt eða skrifa stuttan texta við.

Ljóð handa börnum.
Anna Þrúður Grímsdóttir.

Í þessari bók eru ljóð, barnagætur og stökur eftir fjölmarga höfunda. Hægt er að fjalla um ljóðin á ýmsan hátt. Þau eru myndræn og þeim fylgja margskonar verkefni sem tengjast höfundum, málnotkun, orðtökum, málsháttum, þjóðháttum, líkingum og persónugervingum.

Skáldatal með ljóðsprotum, ljóðsporur og ljóðspeglum.
Samantekt: Sigurborg Hilmarisdóttir.

Stuðningsrit með ljóðasafni Námsgagnastofnunar. Hentar vel sem uppflettirit fyrir nemendur og kennara sem vilja lesa eða fjalla um fleiri ljóð einstakra höfunda.

Lestrarsprettir.

Hugmyndir að lestrarsprettum sem henta árgangi. Sjá fylgisíðu 3 á innra neti skólans.

Vefsíður og kennsluforrit.

Vefsíður og kennsluforrit sem styðja ýmsa þætti í íslenskukennslu. Sjá fylgisíðu 4 á innra neti skólans.

Sögurammar.

Sjá fylgisíðu 5 á innra neti skólans.

Námsmat

Hraðlestrarpróf að hausti, um áramót og að vori.

Lesskilningspróf að vori.

Jákvætt og hvetjandi einstaklingsmat á framförum í frágangi texta og mynda í vinnubók í ljóðum.

Lestur og bókmenntir

4. árgangur

Markmið og áherslur

Að nemendur

- o geti lesið til gagns og gamans, hátt og í hljóði.
- o geti valið sér bækur eftir áhugasviði og lesið sögur og ljóð sér til ánægju.
- o kunni að afla sér upplýsinga af bókum og af netinu.
- o hafi aukið orðaforða, málskilning og lesskilning með vinnu við fjölbreytt verkefni.
- o þekki hugtökin sögupráður, sögupersónur og boðskapur.
- o hafi kynnst fjölbreyttum textum, innlendum og erlendum, fornum og nýjum.
- o þekki hugtök í bragfræði svo sem kvæði, þula, vísa, ljóðlína og erindi.
- o kunni nokkur ljóð og hafi flutt þau fyrir aðra.
- o þekki ljóðformið ferskeytla.
- o kynnist að minnsta kosti einum íslenskum og/eða erlendum höfundi.
- o geti notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir.
- o geta lesið úr myndrænu efni, svo sem kvikmyndum fyrir börn, einföldum skýringamyndum og kortum.

Námsáætlun

Námsefni

Inntak námsefnis

Sögusteinn.

Ragnheiður Gestsdóttir.

Bókin skiptist í þrjá kafla; *Af hverju?*, *Langt út í heim og Skrýtnar skepnur og furðuleg fyrirbæri*.**Óskasteinn.**

Ragnheiður Gestsdóttir tók saman.

Bókin skiptist í þrjá kafla; *Margt býr í myrkrinu*, *Gettu betur* og *Ef ég gæti óskað mér*.**Höfundakynning.**

Listi yfir höfunda, íslenska og erlenda, sem hentar árgangi. Sjá fylgisíðu 2 á innra neti skólans.

Ljóðsprotar.

Kolbrún Sigurðardóttir, Sverrir Guðjónsson og Þórdís Mósesdóttir völdu.

Ljóðasafn sem ætlað er 1. - 4. bekk. Allt eru þetta ljóð eftir íslenska höfunda. Ljóðum er raðað eftir viðfangsefnum.

Bragfræði.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson.

Fjallað er um einföldustu gerð ferskeytlunnar og þær bragreglur sem fylgja henni.

Heimalestrarbækur.

Listi með lestrarbókum flokkuðum eftir þyngd. Sjá fylgisíðu 1 á innra neti skólans.

Annað námsefni/lesefni

Námsefni

Inntak á námsefninu

Fluglæsi.

Ritsjóri Rósa Eggertsdóttir.

Kennarahandbók þar sem meðal annars er fjallað um viðmið í lestri, lestraraðferðir og leiðir í lestrarkennslu.

Lesið til skilnings.

Anna Guðmundsdóttir.

Efnið skiptist í tvær bækur; *Æfingartextar* og *Kennarahandbók*.

Þetta eru handbækur sem nýtast kennara til að efla lesskilning nemenda með gagnvirkum lestri.

Sjá: http://www.nams.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_klb.pdf og http://www.nams.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_aef.textar.pdf.

Skinna.

Gísli Ásgeirsson og Þóroddur Helgason.

Þessi bók er ætluð fyrir móðurmálsnám 9 – 10 ára nemenda. Gert er ráð fyrir að hún sé notuð í tvö ár. Henni fylgja tvö verkefnahefti. Fyrri heftið er tekið í 4. bekk. Textar hennar eru fengnir úr ólíkum áttum og hægt að nýta þá í lestur eða ljóðagerð.

Frægt fólk.

Ásdís H. Haraldsdóttir.

Tuttugu og fimm verkefni sem reyna á lesskilning nemenda og þjálfá þá í að svara á hnitmiðaðan hátt spurningum úr stuttum texta.

Sjá: http://www.nams.is/serkennsla/raegt_folk.pdf.

Ljóð handa börnum.

Anna Þróður Grímsdóttir.

Í þessari bók eru ljóð, barnagælur og stökur eftir fjölmarga höfunda. Hægt er að fjalla um ljóðin á ýmsan hátt. Þau eru myndræn og þeim fylgja margskonar verkefni sem tengjast höfundum, málnotkun, orðtökum, málsháttum, þjóðháttum, líkingum og persónugervingum.

Ljóðagerð með börnum.

Hafsteinn Karlsson.

Handbók fyrir kennara. Nokkrir bragarhættir kynntir og aðferðir við að kenna börnum að yrkja ljóð.

Skáldatal með ljóðsprotum, ljóðsporur og ljóðspeglum.

Samantekt: Sigurborg Hilmarsdóttir.

Stuðningsrit með ljóðasafni Námsgagnastofnunar. Hentar vel sem uppflettirit fyrir nemendur og kennara sem vilja lesa eða fjalla um fleiri ljóð einstakra höfunda.

Gælur, fælur og þvælur.

Þórarinn Eldjárn.

Sextán kvæði undir ýmsum rímnaháttum. Bókinni fylgir geisladiskur þar sem kvæðin eru kveðin við íslensk rímnalög.

Lestrarsprettir.

Hugmyndir að lestrarsprettum sem henta árgangi. Sjá fylgisíðu 3 á innra neti skólans.

Vefsíður og kennsluforrit.

Vefsíður og kennsluforrit sem styðja ýmsa þætti í íslenskukennslu. Sjá fylgisíðu 4 á innra neti skólans.

Sögurammar.

Sjá fylgisíðu 5 á innra neti skólans.

Námsmat

Hraðlestrarpróf að hausti, um áramót og að vori.

Framsagnarpróf að vori fyrir þá sem voru með 8 að vori í hraðlestrarprófi í 4. bekk.

Lesskilningspróf að vori.

Jákvætt og hvetjandi einstaklingsmat á framförum í frágangi texta og mynda í vinnubók í bókmenntum og ljóðum.

Lestur og bókmenntir

5. árgangur

Markmið og áherslur

Að nemendur

- geti lesið sér til gagns og hafi öðlast góðan lesskilning og orðaforða.
- geri sér grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum.
- hafi þjálfast í mismunandi lestraraðferðum svo sem nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri.
- geti lesið sér til ánægju.
- geti notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir.
- geti aflað upplýsinga úr bókum, margmiðlunarefni og af Netinu og unnið úr þeim.
- geti unnið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum.
- þekki fáein bókmenntafræðileg hugtök um form ljóða svo sem rím, ljóðstafi og hrynjandi.
- þekki ljóðformið fimma.
- hafi lesið fornar og nýjar íslenskar bókmenntir.
- hafi lesið leikþætti og lært nokkur valin ljóð.
- kynnist að minnsta kosti einum íslenskum og/eða erlendum höfundum.

Námsáætlun

Námsefni

Inntak námsefnis

Blákápa.

Guðný Ýr Jónsdóttir, Silja Aðalsteinsdóttir völdu.

Bókin krefst allgóðrar færni í lestri. Til eru hljóðsnældur með henni. Efni bókarinnar er skipt í fimm hluta; *Allir krakkar*, *allir krakkar*, *Nú er dagur um allt loft*, *Köttur úti mýri*, *Úr sagnasjóði* og *Nú skyldi ég hlæja*.

Völusteinn.

Ragnheiður Gestsdóttir.

Bókin skiptist í þrjú kafla; *Á framandi slóðum*, *Í dulargervi* og *Tíminn líður*.

Ljóðspor.

Kolbrún Sigurðardóttir, Sverrir Guðjónsson og Þórdís Mósesdóttir tóku saman.

Ljóðasafn sem ætlað er 5. – 7. bekk. Allt eru þetta ljóð eftir íslenska höfunda. Ljóðum er raðað eftir viðfangsefnum.

Ljóðagerð með börnum.

Hafsteinn Karlsson.

Handbók fyrir kennara. Nokkrir bragarhættir kynntir og aðferðir við að kenna börnum að semja ljóð.

Höfundakynning.

Listi yfir höfunda, íslenska og erlenda, sem hentar árgangi. Sjá fylgisíðu 2 á innra neti skólans.

Annað námsefni/lesefni

Námsefni

Inntak námsefnis

Fluglæsi.

Ritsjóri Rósa Eggertsdóttir.

Kennarahandbók þar sem meðal annars er fjallað um viðmið í lestri, lestraraðferðir og leiðir í lestrarkennslu.

Lesið til skilnings.

Anna Guðmundsdóttir.

Efnið skiptist í tvær bækur; *Æfingartextar* og *Kennarahandbók*. Þetta eru handbækur sem nýtast kennara til að efla lesskilning nemenda með gagnvirkum lestri.

Sjá: http://www.nams.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_klb.pdf og http://www.nams.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_aef.textar.pdf.

Skinna.

Gísli Ásgeirsson og Þórður Helgason.

Þessi bók er ætluð fyrir móðurmálsnám 9 – 10 ára nemenda. Gert er ráð fyrir að hún sé notuð í tvö ár. Henni fylgir tvö verkefnahefti. Seinna heftið er tekið í 5. bekk. Textar hennar eru fengnir úr ólíkum áttum og hægt að nýta þá í lestur eða ljóðagerð

Óðinn og bræður hans.

Iðunn Steinsdóttir.

Endursögn á Snorra-Eddu. Þetta er fyrsta bókin af þremur. Lýst er hvernig þeir bræður Óðinn, Vilji og Vé skapa heiminn úr jötninum Ými. Sagt er frá ásum og ásynjum, fyrstu mönnunum, þeim Aski og Emblu, byggingu Ásgarðs og Bifrastar, hrímþursum og örlaganornum og Iðunni með eplin. Sjá: http://www.nams.is/odinn_braedur/index.htm.

Lífið í Ásgarði.

Iðunn Steinsdóttir.

Sjálfstætt framhald af *Óðni og bræðrum hans*. Lýst er lífinu í Ásgarði, klækjum Loka og afkvæmum hans, viskubrunninum, smíði virkisveggjarins og ragnarökum. Sjá: http://www.nams.is/lifid_i_asgard/index.htm.

Ljóð handa börnum.

Anna Þrúður Grímsdóttir.

Í þessar bók eru ljóð, barnagætur og stökur eftir fjölmarga höfunda. Hægt er að fjalla um ljóðin á ýmsan hátt. Þau eru myndræn og þeim fylgja margskonar verkefni sem tengjast höfundum, málnotkun, orðtökum, málsháttum, þjóðháttum, líkingum og persónugervingum.

Skáldatal með ljóðsprotum, ljóðsporum og ljóðspeglum.

Samantekt: Sigurborg Hilmarsdóttir.

Stuðningsrit með ljóðasafni Námsgagnastofnunar. Hentar vel sem uppfletirit fyrir nemendur og kennara sem vilja lesa eða fjalla um fleiri ljóð einstakra höfunda.

Gælur, fælur og þvælur.

Þórarinn Eldjárn.

Sextán kvæði undir ýmsum rímnaháttum. Bókinni fylgir geisladiskur þar sem kvæðin eru kveðin við íslensk rímnalög.

Lestrarsprettir.

Hugmyndir að lestrarsprettum sem henta árgangi. Sjá fylgisíðu 3 á innra neti skólans.

Vefsíður og kennsluforrit.

Vefsíður og kennsluforrit sem styðja ýmsa þætti í íslenskukennslu. Sjá fylgisíðu 4 á innra neti skólans.

Sögurammar.

Sjá fylgisíðu 5 á innra neti skólans.

Námsmat

Hraðlestrarpróf að hausti, um áramót og að vori.

Framsagnarpróf að vori fyrir þá sem voru með 8 að vori í hraðlestrarprófi í 4. bekk.

Lesskilningspróf að vori.

Í Selásskóla er lögð áhersla á vandvirkni og sjálfstæði í vinnubókum. Vinnubók og önnur verkefni gilda 30 – 60% af heildarmati. Kennarar gera nánari grein fyrir námsmati vetrarins að hausti.

Lestur og bókmenntir

6. árgangur

Markmið og áherslur

Að nemendur

- o geti lesið sér til gagns og hafi öðlast góðan lesskilning og orðaforða.
- o geri sér grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum.
- o hafi þjálfast í mismunandi lestraraðferðum svo sem nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri.
- o geti lesið sér til ánægju.
- o geti notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir.
- o geti aflað upplýsinga úr bókum, margmiðlunarefni og af Netinu og unnið úr þeim.
- o geti unnið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum.
- o þekki fáein bókmenntafræðileg hugtök svo sem aðal- og aukapersónur, tími, umhverfi, boðskapur, ljóðstafir, persónugervingar og líkingar.
- o þekki ljóðformin hæka og limra.
- o hafi lesið fornar og nýjar íslenskar bókmenntir.
- o hafi lesið leikþætti og lært nokkur valin ljóð.
- o kynnist að minnsta kosti einum íslenskum og/eða erlendum höfundum.

Námsáætlun / kennsluáætlun

Námsefni

Inntak námsefnis

Rauðkápa.

Safnað hafa Guðný Ýr Jónsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir.

Bókin krefst allgóðrar færni í lestri. Til eru hljóðsnældur með henni. Efni bókarinnar er skipt í sjö hluta; *Ég – við - og öll hin, Af spjöldum sögunnar, Sögulegur tími, Einu sinni var. Sögur frá ýmsum löndum, Krummi er fuglinn minn, Ur sagnasjóði. Bernskan, Trunt, trunt og tröllin í fjöllumum og Neyttu meðan á nefinu stendur.*

Ljóðspor.

Kolbrún Sigurðardóttir, Sverrir Guðjónsson og Þórdís Mósesdóttir tóku saman.

Ljóðasafn sem ætlað er 5. – 7. bekk. Allt eru þetta ljóð eftir íslenska höfunda. Ljóðum er raðað eftir viðfangsefnum.

Ljóðagerð með börnum.

Hafsteinn Karlsson.

Handbók fyrir kennara. Nokkrir bragarhættir kynntir og aðferðir við að kenna börnum að semja ljóð.

Dagblöð í skólum.

Nemendur þjálfast í lesskilningi með lestri dagblaða.

Höfundakynning.

Listi yfir höfunda, íslenska og erlenda, sem hentar árgangi. Sjá fylgisiðu 2 á innra neti skólans.

Annað námsefni/lesefni

Námsefni

Inntak námsefnis

Fluglæsi.

Ritsjóri Rósa Eggertsdóttir.

Kennarahandbók þar sem meðal annars er fjallað um viðmið í lestri, lestraraðferðir og leiðir í lestrarkennslu.

Lesið til skilnings.

Anna Guðmundsdóttir.

Efnið skiptist í tvær bækur; *Æfingartextar* og *Kennarahandbók*. Þetta eru handbækur sem nýtast kennara til að efla lesskilning nemenda með gagnvirkum lestri.

Sjá: http://www.nams.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_klb.pdf og http://www.nams.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_aef.textar.pdf.

Skræða.

Gísli Ásgeirsson og Þórður Helgason

Þessi bók er ætluð fyrir móðurmálsnám 11 ára nemenda. Henni fylgir tvö verkefnahefti. Textar hennar eru fengnir úr ólíkum áttum og hægt að nýta þá í lestur eða ljóðagerð m.a. hæku.

Ljóð handa börnum.

Anna Þrúður Grímsdóttir.

Í þessar bók eru ljóð, barnagælur og stökur eftir fjölmarga höfunda. Hægt er að fjalla um ljóðin á ýmsan hátt. Þau eru myndræn og þeim fylgja margskonar verkefni sem tengjast höfundum, málnotkun, orðtökum, málsháttum, þjóðháttum, líkingum og persónugervingum.

Skáldatal með ljóðsprotum, ljóðsporur og ljóðspeglum.

Samantekt: Sigurborg Hilmarisdóttir.

Stuðningsrit með ljóðasafni Námsgagnastofnunar. Hentar vel sem uppflettirit fyrir nemendur og kennara sem vilja lesa eða fjalla um fleiri ljóð einstakra höfunda.

Gælur, fælur og þvælur.

Þórarinn Eldjárn.

Sextán kvæði undir ýmsum rímnaháttum. Bókinni fylgir geisladiskur þar sem kvæðin eru kveðin við íslensk rímnalög.

Lestrarsprettir.

Hugmyndir að lestrarsprettum sem henta árgangi. Sjá fylgisíðu 3 á innra neti skólans.

Vefsíður og kennsluforrit.

Vefsíður og kennsluforrit sem styðja ýmsa þætti í íslenskukennslu. Sjá fylgisíðu 4 á innra neti skólans.

Sögurammar.

Sjá fylgisíðu 5 á innra neti skólans.

Námsmat

Hraðlestrarpróf að hausti, um áramót og að vori.

Framsagnarpróf um áramót og að vori fyrir þá sem voru með 7 að vori í hraðlestrarprófi í 5. bekk.

Lesskilningspróf að vori.

Í Selásskóla er lögð áhersla á vandvirkni og sjálfstæði í vinnubókum. Vinnubók og önnur verkefni gilda 30 – 60% af heildarmati. Kennarar gera nánari grein fyrir námsmati vetrarins að hausti.

Lestur og bókmenntir

7. árgangur

Markmið og áherslur

Að nemendur

- o séu vel læsir og hafi öðlast góðan lesskilning og fjölbreyttan orðaforða.
- o geri sér grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum.
- o hafi þjálfast í mismunandi lestraraðferðum svo sem nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri.
- o geti lesið sér til ánægju og gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekinn texti hefur á þá.
